

## **Fundur hjá stjórn Prentsöguseturs miðvikudaginn 25.október 2023 kl.17:00, haldin að Lynghálsi 1.**

Mætt voru: Tryggvi Þór Agnarsson, Díana H. Sigurfinnsdóttir, Jón Trausti Harðarson og Ævar Rafn Kjartansson.

Fundinn ritaði Díana H. Sigurfinnsdóttir.

Fundagerð síðasta fundar samþykkt. Framvegis verða fundargerðir settar inn á Face Book síðu stjórnar.

Kata hefur beðið um að vera laus við fram að áramótum vegna anna og mun Díana rita fundagerðir í hennar stað.

Rætt um hvert og hvernig hægt er að sækja styrki. Draumurinn er að ná inn 5.000.000 þá værum við komin í 10.000.000 sem væri góð staða fyrir komandi vinnu í Skálholti. Tryggvi er með lista yfir þau fyrirtæki sem hafa styrkt Prentsögusetur í gengum tíðina. Trausti mun fara yfir listan og hafa persónulega samband við þessa aðila og sjá hvort þau séu ekki til í að styrkja okkur svona á loka metrunum við að koma sýningunni í Skálholti í gangið.

Ævar sýnir fundarmönnum samantekt af kynningu á Prentsögusetri og verkefninu í Skálholti. Þessi kynning er komin inn á Face Book síðu stjórnar. Ævar benti á samtök prentsöusetra í Evrópu, <https://www.aepm.eu/> Ævar ætlar að skrifa þeim og athuga hvað þarf til að ganga í samtökin.

Ákveðið er að næstu fundur verði ferð á Skyrland á Selfossi, <https://skyrland.com/> og á sýninguna, Hjarta lands og þjóðar á Þingvöllum í gestastofunni á Haki, <https://www.thingvellir.is/>. Þessar tvær sýningar ættu að geta gefið okkur góðar hugmyndir um hvaða leið við viljum fara í Skálholti. Það er amk samljómur að skilta-leiðin sé út af borðinu. Þessi ferð er áætluð föstudaginn 17. nóvember nk.

Trausti er kunnugur Ása sem vann við uppsetningu Lava show og á Hvalasfninu á Húsavík, hann gæti líklega leiðbeint okkur með hverjir gæti verið sniðugir í að aðstoða okkur við að koma sýningunni í nútímalegt horf, og hvaða leið væri hagkvæmast að fara. Trausti mun heyr í Ása á næstu dögum.

Þegar stjórn er búin að skoða önnur söfn og búin að mynda sér skoðun á hvaða leið hún vill fara með sýninguna í Skálholti verður Björn (sem hefur teiknað upp rýmið) boðaður á fund og ákvörðun tekin hvort hann mun fara lengra með verkið eða nýjir aðilar fengnir að verkinu.

Textasmíði fyrir sýninguna er líklega of flókin fyrir okkur og hún getur í raun ekki farið almennilega í gang fyrr en ákvörðun hefur verið tekin hvernig sýningin kemur til með að vera.

Fundið slitið kl.18:10.